

## Dagskrá Iðunnar vorið 2015

Í vor 2015 verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
4. febrúar	6. febrúar
11. mars	13. mars - Aðalfundur
8. apríl	10. apríl
6. maí	8. maí

Vakin er sérstök athygli á því að kvæðalagaæfingin í mars og aðalfundurinn færast til vegna landsmóts kvæðamanna og verður því 11. og 13. mars en ekki 4. og 6. mars.

Allir félagsfundir hefjast stundvíslega kl. 20:00 og lýkur kl. 22:30. Einnig er vakin athygli á að kvæðalagaæfingar hefjast nú klukkan 19:00. Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir. Starfsemi félagsins fer fram í Gerðubergi.

Heiðmerkurgleði félagsins verður haldin mánudaginn 15. júní.

### Vaka – Þjóðlagahátíð á Akureyri

Á Vöku 2015 verður hægt að njóta fyrsta flokks þjóðlagatónlistar, þjóðdansa og handverks frá Íslandi, Norðurlöndum og Bretlandseyjum. Frá 10. - 13. júní 2015 býður Vaka upp á fjögurra daga fjör með tónlist og dansi inn í bjarta sumarnóttina á Akureyri.

Tónleikar, námskeið fyrir alla aldurshópa og frjálsgengar söng- og dansskemmtanir tryggja að á dagskrá Vöku verður eitthvað fyrir alla.

Forsala aðgöngumiða verður opnuð innan tíðar á nýrri og flottri heimasíðu ÞjóðListar [www.thjodlist.is/vaka](http://www.thjodlist.is/vaka).



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

121. tölublað – 36. árgangur  
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Janúar 2015  
Ábm: Ragnar Ingi Aðalsteinsson

## Landsmót kvæðamanna 2015

Landsmót kvæðamanna verður haldið á Siglufirði 6. – 8. mars

Ætlunin er að Iðunnar- og Árgalafélagar sameinist um rútu eða annan fararkost og aki sem leið liggur til Sigluffjarðar seinnipartinn á föstudag 6. mars. Á föstudagskvöldið er ekki skipulögð dagskrá það kvöld, en líklega verður sameiginlegur matur fyrir bæði sunnan- og norðanmenn, þar sem hver borgar fyrir sig.

Laugardaginn 7. mars verða haldin námskeið frá kl. 10–17 (með hádegishléi kl. 12–13). Námskeið í kveðskap og bragfræði verður í umsjón Ragnheiðar Ólafsdóttur, sem kennir ásamt fleirum, og félagar í þjóðdansasfélaginu Vefaranum sjá um þjóðdansánámskeið.

Kvöldvaka hefst kl. 18:30, þar verður boðið upp á mat af hlaðborði, kvæðamenn koma fram og dagskránni lýkur með harmonikkuballi.

Aðalfundur Stemmu – landssamtaka kvæðamanna verður haldinn kl. 10:00 á sunnudagsmorgun og síðan verður snæddur hádegismatur áður en lagt verður af stað suður um kl. 13:00.

Frh.

Á hátíðarhlaðborðinu verður glóðað lambalæri með villisveppasósu, pönnusteiktur saltfiskur að hætti Spánverja með tómát concassé, steikt grænmetisblanda, kartöflugratín, ferskt salat, nýbakað brauð og smjör. Eftirrétturinn verður súkkulaðikaka með smjörkremi og ferskum jarðaberjum og kaffi og te er innifalið í verði.

Samið hefur verið við tvo gististaði, Hótel Siglunes, (<http://hotelsiglunes.is>) sem veitir 10% afslátt afauglýstu verði, og Gistiheimilið Hvanneyri (<http://www.hvanneyri.com/>) þar sem eins manns herbergi kostar 5.000 krónur og tveggja manna herbergi 9.000 krónur hvora nótt. Ferðafólk verður sjálft að sjá um að panta gistingu.

Annar kostnaður við dvölinu á Siglufirði skiptist þannig:

Hádegismatur: 1.300 kr. í hvort sinn.

Hátíðarkvöldverður: 4.970 kr.

Þátttakendur greiða engin námskeiðsgjöld.

Stjórn Iðunnar hefur ákveðið að styrkja félagu sína um samtals 100 þúsund krónur sem skiptast jafnt á þá sem sækja landsmótið, en auk þess mun ágóði af kvæðakvöldinu sem haldið verður á Kaffi Rósenberg 10. febrúar ganga óskiptur til niðurgreiðslu á ferðakostnaði. Þar að auki leita kvæðamannafélögin norðan heiða eftir styrkjum til að greiða niður kostnað.

Hægt er að skrá sig hjá Báru Grímsdóttur í síma 694 2644 en allra best væri að senda tölvupóst á [idunn@rimur.is](mailto:idunn@rimur.is). Það þarf að gerast fyrir 20. febrúar.

## ***Kvæðakvöld Iðunnar 2015***

*Kvæðakvöld á Kaffi Rósenberg 10. febrúar kl. 20.00*

*Kvæðamannafélagið Iðunn stendur fyrir skemmtidagskrá þar sem fram koma úrvalskvæðamenn, þau Ása Ketilsdóttir, Bára Grímsdóttir, Ingimar Halldórsson, Njáll Sigurðsson, Pétur Húni Björnsson, Rósa Jóhannesdóttir, Rósa Þorsteinsdóttir og Þórarinn Már Baldvinsson. Kynnir verður Ævar Kjartansson. Meðal annars verða flutt gamanmál eftir þekkt skáld og hagrýðinga, þ. á m. Bjarka Karlsson, Helga Zimsen og Þórarinn Má Baldursson.*

*Aðgangseyrir er 1.000 kr. Einnig verður hlutavelta með mörgum spennandi vinningum.*

*Athugið að enginn posi verður á staðnum, einungis hægt að greiða með reiðufé.*

*Allur ágóði rennur í ferðasjóð Iðunnarfélaga sem fara á landsmót kvæðamanna sem verður haldið á Siglufirði 6. – 8. mars*

